



Nr. 4/2022  
17. janúar 2022

## Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2021

*Gengi krónunnar hækkaði um 2,5% á árinu 2021 og heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri dróst saman um 12% frá fyrra ári. Áhrifa af COVID-19-farsóttinni gætti á gjaldeyrismarkaði á árinu. Seðlabankinn átti gjaldeyrisviðskipti til að draga úr sveiflum eftir því sem hann taldi tilefni til og til að bæta verðmyndun á markaðnum en í mun minna mæli en árið áður. Hrein gjaldeyrissala Seðlabankans árið 2021 nam 22,7 ma.kr. en Seðlabankinn keypti bæði og seldi gjaldeyri á árinu. Reglulegri gjaldeyrissölu, sem hófst í september 2020, var hætt í lok apríl 2021 þegar betra jafnvægi hafði skapast á gjaldeyrismarkaðnum. Lífeyrissjóðir voru umfangsmiklir kaupendur að erlendum gjaldeyri og erlendir fjárfestar héldu áfram að selja innlendar verðbréfaeignir. Tímamót urðu þegar ný lög um gjaldeyrisfélög tóku gildi um mitt árið en í þeim fólst meðal annars að heimildir til afleiðuviðskipta voru rýmkaðar. Með nýju lögnum voru fjármagnshöft sem sett voru í nóvember 2008 úr sögunni. Gjaldyrisforði nam 923,1 ma.kr. í árslok eða um 30% af vergri landsframleiðslu.*

### **Gengisþróun**

Gengi krónunnar hækkaði á árinu um 2,5% miðað við þróun gengisvísitölu en um 5,8% gagnvart evru. Lægst mældist gengið í janúar. Krónan styrktist á fyrri helmingi ársins og var gengið hæst í byrjun júní, en þá fór saman m.a. gjaldeyrisinnflæði af ferðaþjónustu og fjármagnsinnflæði vegna kaupa erlendra aðila á hlutabréfum í Íslandsbanka í hlutafjárútboði bankans. Gengi krónu lækkaði síðan frá byrjun ágúst samhliða versnandi horfum í ferðaþjónustu, aukinni óvissu um verðbólguhorfur, fjármagnsútfærslu og óvissu í aðdraganda alþingiskosninganna í september. Tilkynnt var um aukinn loðnukvóta í byrjun október og bötnuðu þá útflutningshorfur, en á móti vó óvissa um verðbólguhorfur og þróun COVID-19-faraldursins. Krónan styrktist þó í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans í nóvember. Flökt í genginu minnkaði frá fyrra ári en munur á hæsta og lægsta gildi gengisvísitölu nam um 7%. Meiri stöðugleiki ríkti á gjaldeyrismarkaðnum en árið áður og virtist jafnvægi í gjaldeyrisflæði verða betra eftir því

sem leið á árið. Mest hækkaði gengi krónunnar í mars, eða um 2,9%, en mest lækkaði gengið í ágúst, eða um 2,1%.

### **Gjaldeyrismarkaður**

Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á árinu voru framkvæmd í samræmi við inngrípastefnu peningastefnunefndar frá því í maí 2017 sem segir að bankinn muni grípa inn í á gjaldeyrismarkaði til að draga úr gengis-sveiflum eftir því sem hann telur tilefni til. Gjaldeyrisviðskipti bankans á árinu fólust í beinum inngrípum á markaðnum, reglulegri og fyrirfram tilkynntri gjaldeyrissölu og einskisviðskiptum, einkum í tengslum við hlutafjárútböð Íslandsbanka. Seðlabankinn keypti bæði og seldi gjaldeyri á árinu. Mest var gjaldeyrissala í einum mánuði í janúar, eða 14,6 ma.kr. (93 m.evra) en mestu gjaldeyriskaupin voru í júní, eða 18,2 ma.kr. (124 m.evra).

Síðustu gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á árinu 2021 voru í byrjun október en bankinn hafði fyrir þau átt viðskipti í hverjum mánuði frá því í febrúar 2020. Samtals keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir jafnvirði 26,9 ma.kr. (183 m.evra) á árinu en seldi gjaldeyri fyrir 49,6 ma.kr. (323 m.evra). Hrein gjaldeyrissala Seðlabankans nam því 22,7 ma.kr. (140 m.evra).

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam um 363 ma.kr. (2,4 ma.evra) á árinu 2021, sem er um 12% samdráttur miðað við árið áður. Hlutdeild Seðlabankans í veltunni nam um 21% en til samanburðar var hlutdeild Seðlabankans um 37% árið áður.

Óvissa vegna áhrifa farsóttarinnar á innlent efnahagslíf hélt áfram að hafa áhrif á gengi krónunnar á árinu. Samhliða bólusetningu og minni takmörkunum á ferðafrelsi fólks varð kröftugur bati í ferðaþjónustunni og erlend kortavelta hér á landi jókst mikið frá fyrra ári. Erlendir fjárfestar héldu áfram að selja innlend hluta- og skuldabréf, líkt og árið 2020, og hafði það áhrif á gengi krónu, en alls nam hreint fjármagnsútflæði vegna nýfjárfestingar um 59,8 ma.kr. á árinu. Lífeyrissjóðir voru áfram umfangsmiklir kaupendur að gjaldeyri en alls námu hrein gjaldeyriskaup þeirra um 54 ma.kr. sem er svipuð fjárhæð og árið á undan.

Ný lög um gjaldeyrismál tóku gildi í lok júní. Þau mörkuðu nokkur tímamót því með þeim voru fjármagnshöft sem sett voru á í nóvember

2008 alfarið úr sögunni. Sérreglur um svokallaðar aflandskrónur voru felldar úr gildi og afleiðuviðskipti með íslensku krónuna voru heimiluð án tillits til tilgangs þeirra.

### **Gjaldeyrisforði**


Gjaldeyrisforði Seðlabankans var í krónum talið 923,1 ma.kr., um 106,7 ma.kr. stærri í lok árs 2021 en árið áður. Í Bandaríkjadölum jókst hann um 0,3 ma. og nam 7,1 ma. Bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 30% af vergri landsframleiðslu, 40% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 10 mánuði. Í janúar gaf Ríkissjóður Íslands út skuldabréf að fjárhæð 750 milljónir evra sem skýrir að stærstu leyti stækkun gjaldeyrisforðans á árinu. Í ágúst úthlutaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn jafnframt sérstökum dráttarréttindum (SDR) til aðildarlanda sinna og kom jafnvirði 55,4 milljarða króna í hlut Íslands.

Vaxtagreiðslur af erlendum lánum ríkissjóðs námu 1,6 ma.kr. og önnur gjaldeyrisviðskipti námu 13,1 ma.kr. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld af erlendum eignum og skuldum Seðlabankans voru 2 ma.kr. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 10,4 ma.kr. minnkunar á gjaldeyrisforða og gengisbreytingar til 19,4 ma.kr. minnkunar. Í lok árs 2021 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum erlendum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 579 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 566 ma.kr. í lok árs 2020.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 529 ma.kr. í lok ársins 2021 samanborið við 572 ma.kr. í lok ársins 2020.

## Mynd 1

### Gengi íslensku krónunnar 2021




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun sýnir styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Mynd 2


### Hrein gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands á millibankamarkaði 2020-2021



Heimild: Seðlabanki Íslands.

### Mynd 3

## Skammtíma gengissveiflur 2021



Heimild: Seðlabanki Íslands.

**Tafla 1. Gjaldeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði**

	2019	2020	2021
Gengi krónunnar (-veiking / +styrking)	% -3,1%	-10,4%	2,5%
Gengisflókt <sup>1</sup>	% 7,1%	8,5%	7,0%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr. 191	426	363
þar af hlutdeild Sí	% 7,6%	36,6%	21,1%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr. 2,4	11,7	26,9
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr. 11,9	144,4	49,6
Hrein gjaldeyrisviðskipti Sí	ma.kr. -9,5	-132,7	-22,7
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadöllum	m.USD 6.787	6.420	7.080
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr. 822	817	923
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands <sup>2</sup>	ma.kr. 611	566	579
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka <sup>3</sup>	ma.kr. 646	572	529
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF <sup>4</sup>	% 28%	30%	30%
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi <sup>5</sup>	9	9	10

1. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

2. Gjaldeyrisforði að frádrögnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.

3. Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

4. Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2021.

5. Fimm ára meðaltal.

